

27. mars 2019

Bréfalykill: 1252



Bridgesamband Íslands  
kt. 480169-4769  
Pósthólf 8805  
Sími: 587 9360  
Reikn. 115-26-5431  
Póstfang: [bridge@bridge.is](mailto:bridge@bridge.is)

128 Reykjavík

Heimasíða: [www.bridge.is](http://www.bridge.is)

**Reykjavíkurborg,  
Borgarstjóri Dagur B. Eggertsson  
Ráðhúsinu**

**19. mars 2019**

**Málefi: Samstarf Bridgesambandsins og Reykjavíkurborgar**

Stjórn Bridgesambandsins Íslands hefur samþykkt að óska eftir samstarfi við Reykjavíkurborg til 3ja ára þar sem Reykjavíkurborg styrkir Bridgesambandið með árlegu framlagi að upphæð kr. 1.200.000 til styðja við kostnað af mótsvaldi við Reykjavík Bridgehátið “Reykjavík Bridge Festival”.

Bridgehátið þessi hefur verið haldin frá árinu 1984 og var um langt árabil á Hótel Lofleiðum nú Hótel Natura en hefur síðustu tvö skiptin verið haldin í Hörpu sem er kjörinn staður til að halda slíkt mótið. Keppt er bæði í tvímenningi og sveitakeppni, mótið stendur yfir í fjóra daga. Hátt í 450 bridgespilarar tóku þátt í síðasta móti þar af 150 erlendir spilarar, þarna voru nokkrir af bestu bridgespilurum heimsins.

Til að halda slíkt móti þarf að fá tvo keppnisstjóra erlendis frá.

Húsaleiga í Hörpu er dýr, en með því að kynna þetta móti betur erlendis mætti fylgja keppendum um 100 og þar með er mótið orðið sjálfbært. Við erum að vinna að því að fá Bill Gates stofnanda Microsoft til að taka þátt í mótinu.

Reykjavíkurborg hefur ekki veitt neina styrki til Bridgesambandsins eða Bridgefélags Reykjavíkur undanfarin 12 ár.

Með von um góðar undirtektir við þetta nýja samstarf, drög að samningi ljálagt.

“Bridge gerir lífið skemmtilegra”

Með kveðju,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Jafet Ólafsson".

Jafet Ólafsson, forseti Bridgesambandsins

Afrít: Ómar Einarsson, íþróttá- og tómstundarráð

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, hér eftir nefnd  
styrkveitandi annars vegar og Bridgesamband Íslands kt. 480169-4769, hér  
eftir nefndur styrkþegi hins vegar, gera með sér eftirfarandi

## SAMNING

1.gr.

Til að styðja kostnað vegna mótsins Reykjavík Bridgehátið „Reykjavík Bridgefestival“ mun styrkveitandi veita styrkþega árlega 1.200.000 kr styrk á tímabilinu 2020-2022. Samtals nemur fjárhæðin 3.600.000 kr.

2.gr.

Samkvæmt samningi þessum er stuðningurinn vegna Reykjavík Bridgehátið árin 2020, 2021 og 2022 sem halddið er í Hörpu í lok janúar ár hvert.

3.gr.

Á öllu kynningarefni skal koma fram að mótið njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

4.gr.

Við lok samningstímans skal styrkþegi skila ítarlegri greinargerð til Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur hvernig styrknum var ráðstafað hvert ár sem og ársreikningur eftir því sem við á. Bridgesambandið skal árlega leggja fram yfirlit yfir iðkendafjöld í Bridgehreyfingunni eftir aldri og kyni.

5.gr.

Greiðslur samkvæmt samningi skulu fara fram 10. febrúar á ári hverju, fyrst 10. febrúar 2020, greitt verður inn á reikning 115-26-5431, kt. 480169-4769.

6.gr.

Gildistími samnings þessa er frá undirritun til 1. desember 2022. Hvor aðili um sig getur þó sagt sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Greiðslur samkvæmt samningi þessum eru jafnframt háðar ákvörðun í fjarhagáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

7.gr.

Ef sýnt þykir að framlag styrkveitanda hafi verið notað í öðrum tilgangi en samningur þessi eða væntingar styrkveitenda standa til eða ef styrkþegi uppfyllir ekki ákvæði samningsins að öðru leyti, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta að öllu leyti og rifta samningi.

8.gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða einstökum. Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist og staðfesta að þeir hafa fullt umboð til að skuldbinda sig í samræmi við ákvæði hans.

Reykjavík                    2019

fh. Reykjavíkurborgar

fh. Bridgesambands Íslands

Vottar: